

## REGLUR

### um aðgerðir gegn markaðssvikum.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um nánari framkvæmd laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) hvað varðar:

- a. Nákvæmt snið innherjalista og uppfærslu á innherjalistum skv. 18. gr. reglugerðar um markaðssvik.
- b. Form og sniðmát fyrir tilkynningu og opinbera birtingu að því er varðar viðskipti stjórnenda skv. 19. gr. reglugerðar um markaðssvik.
- c. Fullnægjandi fyrirkomulag, kerfi og verklag og sniðmát fyrir tilkynningar sem notað er til að koma í veg fyrir, greina og tilkynna um markaðsmisnotkun eða grunsamleg fyrirmæli eða viðskipti skv. 16. gr. reglugerðar um markaðssvik.
- d. Kerfi og sniðmát fyrir tilkynningar sem markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu nota og snið skrána sem nota skal fyrir tilkynningar skv. 11. gr. reglugerðar um markaðssvik.

#### 2. gr.

##### *Tilvísanir.*

*Samstæða:* Tilvísanir í reglum þessum til samstæðu eins og hún er skilgreind í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB skal skilja sem tilvísanir til samstæðu skv. 33. tölulið 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55. frá 26. ágúst 2021, bls. 232-262, með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 14 frá 5. mars 2020 bls. 61-65, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/347 frá 10. mars 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar nákvæmt snið innherjalista og uppfærslu á innherjalistum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/523 frá 10. mars 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form og sniðmát fyrir tilkynningu og opinbera birtingu að því er varðar viðskipti stjórnenda í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/957 frá 9. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fullnægjandi fyrirkomulag, kerfi og verklag og sniðmát fyrir tilkynningar sem notað er til að koma í veg fyrir, greina og tilkynna um markaðsmisnotkun eða grunsamleg fyrirmæli eða viðskipti.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/959 frá 17. maí 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir markaðspreifingar að því er varðar kerfi og sniðmát fyrir tilkynningar sem markaðsaðilar sem miðla upplýsingum skulu nota og snið skrána í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014.

Nr. 1626

22. desember 2021

4. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3., 7., 8., 11. og 16. tölulið 2. mgr. 19. gr. laga nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, taka gildi þegar í stað.

*Seðlabanka Íslands, 22. desember 2021.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Júníusdóttir**  
framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2021